

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. gr.

Almennt.

Sveitarfélagið Hornafjörður innheimtir gjöld vegna meðferðar úrgangs í sveitarfélaginu í samræmi við 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði, nr. 236/2018.

2. gr.

Íbúðarhúsnæði.

Árleg gjöld sem lögð eru á íbúðarhúsnæði í Sveitarfélaginu Hornafirði vegna sorphirðu, sorpeyðingar og endurvinnslu skal vera:

Sorphirðugjald	31.950 kr.
Sorpeyðingargjald	19.290 kr.
Samtals á ári	51.240 kr.

Innifalið í ofangreindum gjöldum eru sorphilát undir blandaðan úrgang, endurvinnsluefni s.s. plast, pappa, pappír og málmumbúðir, og matarleifar. Gjöldunum er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun eða endurvinnslu úrgangs.

Ofangreind gjöld skulu innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi hinn sami og fasteignagjalda.

<i>Úrgangsflokkur</i>	<i>Stærð íláts</i>	<i>Verð</i>
Blandaður úrgangur	240 l	23.500 kr.
Endurvinnsluefni	240 l	11.340 kr.
Matarleifar	140 l	15.400 kr.
Umsýslu- og útkeyrslugjald	140 eða 240 l	3.500 kr.

Óski greiðendur eftir fleiri sorphilátum greiðast ofangreind gjöld árlega fyrir hverja auka tunnu: Aðeins er heimilt að skrá eina auka tunnu fyrir hvern úrgangsflokk á hvert íbúðarhúsnæði.

3. gr.

Klippikort.

Hver húseigandi sem greiðir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld skv. 2. gr. fær afhent eitt klippikort á ári sem veitir heimild til losunar á allt að 2 m³ (8 klipp) af gjaldskyldum úrgangi á söfnunarstöð sveitarfélagsins á Höfn. Ef kort klárast er hægt að kaupa aukakort á 8.000 kr.

Kortin má nálgast í afgreiðslu ráðhúss sveitarfélagsins. Leigjendur verða að nálgast kortin hjá leigusala eða kaupa sér kort.

4. gr.

Sumar- og frístundahús.

Þjónusta sorphreinsunar er alla jafna ekki veitt fyrir einstök sumar- eða frístundahús og bera þau því aðeins sorpeyðingargjöld. Eigendur slíkra húsa fá afhent eitt klippikort á ári sem veitir heimild til losunar á allt að 2 m³ (8 klipp) af gjaldskyldum úrgangi á söfnunarstöð sveitarfélagsins á Höfn. Klippikortin eru afhent í afgreiðslu ráðhúss sveitarfélagsins. Leigjendur slíkra húsa verða að nálgast kortin hjá leigusala eða kaupa sér kort.

Í sumarhúshverfum, þar sem sumarhús eru 20 eða fleiri, skal einnig leggja sorpeyðingargjöld á hvert sumar- eða frístundahús árlega enda verða sett upp sorphilát í nánd við sumarhúshverfið yfir mesta ferðamannatímamann frá 15. maí – 15. september.

Sorphirðugjald	7.850 kr.
Sorpeyðingargjald	8.000 kr.

Ofangreind gjöld skulu innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi hinn sami og fasteignagjalda.

5. gr.

Eyðing dýraleifa.

Á búfjáreigendur er lagt sérstakt gjald til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og tekur gjaldið mið af því að það standi undir kostnaði við förgunina.

Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hvernar búfjártegundar samkvæmt búfjár-
eftirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

Nautgripir	350 kr./grip	Sauðfé og geitfé	100 kr./grip
Hross	280 kr./grip	Svín	200 kr./grip
Alifuglar	2 kr./fugl	Loðdýr	2 kr./dýr

6. gr.

Aðfararheimild.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með aðför sbr. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjaldaga sbr. 5. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

7. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 10. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1598/2021.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 14. desember 2022.

Sigurjón Andrésson bæjarstjóri.